

BORGARRÁÐ 14. mars 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um vinnuslys á leik- og grunnskólum borgarinnar - R19020109

Samkvæmt samantekt sérfræðings í vinnuumhverfismálum hjá Kennarasambandi Íslands, vegna vinnuslysa í leik- og grunnskólum kemur fram að vinnuslysum kennara í leik- og grunnskólum hefur fjölgað frá árinu 2008-2017. Ná þær tölur einnig til starfsfólks sem skilgreinist ekki sem kennarar þ.e.a.s. ófaglærðs starfsfólks á grunn- og leikskólum? Í gegnum tíðina hafa komið upp aðstæður þar sem mannekla hefur verið á leik- og grunnskólum, hefur það verið kannað hvort að skortur á starfsfólki leiði til aukins vinnuálags og auki þar að leiðandi líkur á vinnuslysum? Eða hefur það á einhvern hátt verið tekið inn í þetta samhengi þegar ástæður vinnuslysa eru skoðaðar?